



Reykjavík 4. mars 2020

Borgarráð
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Efni: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda verktaka hjá Strætó bs. R20010114

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda verktaka hjá Strætó bs. R20010114

Á vef strætó bs. kemur fram að stór hluti af akstri á vegum Strætó sé í höndum verktaka eða um 40% af akstri gulra vagna á höfuðborgarsvæðinu, allur akstur á landsbyggðinni og allur akstur í ferðapjónustu fatlaðra. Samkvæmt árskýrisskýrslu Strætó frá því 2018 virðist aksturinn þó skiptast frekar jafnt á milli Strætó og verktaka en þar stendur: „Á árinu 2018 skiptist heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu nokkuð jafnt á milli Strætó og verktaka, en á árinu 2017 var skipting 54% eigin akstur Strætó og 46% akstur verktaka.“ Hvernig er skiptingin núna, þ.e.a.s hversu mikið er í höndum verktaka og hvaða verktaka og hvernig er ákveðið hvaða vagnar verktakar sjá um? Er eitthvað þak á það hversu mikið prósent af akstri Strætó bs. verktakar mega sjá um? Hafa breytingar orðið á síðustu árum varðandi hvaða vagnar eru í höndum verktaka? Hver ákveður hvort og hvenær vagnar fara í verktöku og hvert er ferlið á bak við það? Hér gæti verið um framlengingu á akstursamningum sem hafa verið boðnir út um að ræða en hvernig er verklagið ef að vagnar fara í verktöku sem voru áður á vegum Strætó? Ákveður stjórn Strætó bs. slíkt? Er það unnið í samráði við starfsfólk Strætó bs.?

Skiptingin fyrir árið 2019 var að hlutfall á milli Strætó og verktaka var 47% og 53%. Í framhaldi af útboði 2014 var samið við tvo verktaka Kynnisferðir og Hagvagna. Boðið var út ákveðnir verkhlutar sem innihéldu ákveðnar leiðir. Samningurinn er sveigjanlegur og getur Strætó falið verktökum meiri akstur á sömu verðum og boðin voru í útboði 2014 skv. skilmálum útboðsins.

Frá því útboð fór fram og þar til akstur hófst (ágúst 2016) var búið að gera ákveðnar breytingar á leiðum, minnkað akstursmagn eða felld niður leið. Til að halda svipuðu hlutfalli milli akstursaðila var ein leið fær frá Strætó til verktaka, Hagvanga í ágúst 2016 (upphaf aksturs skv. útboði). Það er í sjálfu sér ekkert þak á því, heimilt er að auka eða minnka akstur verktaka. Já það hafa verið færðar tvær leiðir yfir frá því samningar hófst. Leið 11 var færð til Hagvagna í ágúst 2016 (sjá hér að ofan) og síðan var leið 15 færð yfir til Kynnisferða í byrjun árs 2018. Þegar slík ákvörðun er tekinn er það í ljósi hvað mikinn akstur vagnafloði Strætó getur ráðið við og sú ákvörðun tekin í fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Færsla leiða hefur ekki leitt til



uppsagna á starfsmönnum Strætó því samhliða hefur þjónustumagn þeirra leiða sem Strætó sér um akstur á verið aukið á móti og ekki verið ráðið í störf starfsmanna sem hætta. Í undirbúningi hvers útboðs er það stjórn Strætó sem tekur ákvörðun um viðmiðunarhlutfall sem er í verktöku og hvað Strætó sinnir miklum akstri. Hvað mikið hlutfall Strætó ekur tekur ávallt mið af vagnstöðu Strætó, þ.e. hvað marga vagna Strætó ræður yfir og hvað hægt er að nota þá mikið.

Virðingarfyllst,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri